



Hexaflexagonföndur


- Þú byrjar með renning sem samanstendur af 19 jafnhliða þríhyrningum:




- Merktu þríhyrningana á framhliðinni laust með blýanti (t.d. með tölustöfum: 1, 2, og 3) eins og svarar til litanna á myndinni að ofan, auk þríhyrninganna X á framhliðinni og Y á bakhliðinni. Það má merkja bakhliðina með 4, 5, og 6, en þess þarf ekki.

Hexaflexagon er í laginu eins og sexhyrningur og er með sex hliðar.

- Brjóttu renninginn eftir rauðgulu línunni svo úr verði upp-rúllaður renningur.



- Brjóttu svo upp-rúllaða renninginn eftir rauðgulu línunum svo úr verði sexhyrningur úr eins þríhyrningum. Ef þú merktir þá 1, 2, og 3 ættu allir merktir 1 að snúa upp.




- Límdu núna X og Y saman með límstifti og þá er hexahexaflexagoninn þinn tilbúinn!

Flexað

Til að flexa hexahexaflexagoninn þinn, brýtur þú þrjú horn hans niður (dalbrot) og þrjú upp (fjallbrot). Ýttu dalbrotunum saman þar til þau snertast og opnaðu miðjuna eins og blóm sem er að springa út.

Það er ekki alltaf hægt að opna miðjuna svo þá þarftu að flexa til baka og reyna aftur.



Það getur hjálpað við að flexa að klippa hornin af eins og á myndinni að ofan.

Reyndu að finna allar hliðarnar!